

Umhverfis og samgöngunefnd

Sent á: umsagnir@althingi.is

Skilafrestur: 20 mars.

156. löggjafarþing 2025.

Þingskjal 101 — 101. mál.

Stjórnartillaga

Reykjavík 19. mars. 2025

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytingu á [þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152](#).

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér efni þingsályktunartillögu ásamt greinargerð. Landvernd lítur svo á að mál það sem hér er lagt fram staðfesti að alþingismenn og eða ráðherrar eru ekki best til þess fallnir að leggja mat á flokkun einstakra virkjunarhugmynda í vernd, bið eða nýtingu. Með inngripum þingmanna í einstök mál gegnir stjórnþækið rammaáætlun ekki þeim tilgangi sem því var ætlað í upphafi. Efni þingsályktunartillögu þessarar staðfestir því í öllum meginatriðum að tilraunir alþingis að senda tillögur verkefnisstjórnar aftur til yfirferðar til verkefnisstjórnar og faghópa rammaáætlunar hafa leitt til óbreyttrar niðurstöðu.

Það er von Landverndar að alþingi láti af því framvegis að reyna að taka fram fyrir hendur verkefnisstjórnar og sérfræðinga í faghópum til að reyna að knýja fram breytingar þar sem sérhagsmunir eru teknir fram fyrir aðra veigameiri matsþætti. Niðurstaða verkefnisstjórnar kom Landvernd ekki á óvart þar sem tillögur voru sendar aftur til alþingis með þeirri niðurstöðu sem liggur fyrir. Landvernd hvetur stjórnvöld til að setja þá kosti sem flokkaðir hafa verið í vernd hið fyrsta í friðlýsingaferli og hlíta þar með ráðgefandi tilmælum verkefnisstjórnar.

Greinargerð 3. Um afmörkun verndarsvæða Landvernd leggur áherslu á að alþingi virði þann skilning sem liggur að baki þeim verndarsvæðum sem friðlýst voru og viðurkennd sem slík og tilgreind eru í greinargerð.

Með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar varðandi tiltekna kosti sem höfðu farið í gegnum lögbundið friðlýsingaferli leggur Landvernd því sérstaka áherslu á að formsatriðum um afmörkun friðlýstra svæða verði fullnægt og friðlýsingar á viðkomandi svæðum verði í kjölfarið staðfestar að nýju á grunni vilja alþingis þegar umrædd svæði voru sannarlega friðlýst og þau óumdeild á grunni verndargildis þeirra.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður

